



Til: valur.stefansson@mast.is

Efni: Re: RE: Ósk um umsögn vegna umsóknar Sæfrosts ehf um ræktunarleyfi til Ostruræktar á landi.

Upplýsingar:

Sent: 05.12.2018 12:11:54 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018110010, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018110010

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir meðfylgjandi svör og gerir eftirfarandi athugasemdir.

a. Þess misskilnings virðist gæta að um sé að ræða franskar ostrur af ættkvísl sem ber heitið Marennes-Oleron, Hér er hins vegar um að ræða stofn kyrrahafsostrunnar *Crassostrea. gigas* sem dregur nafn sitt af ræktunarsvæðinu Marennes-Oleron í Frakklandi en er ekki flokkunarfræðilega aðgreind frá *Crassostrea. gigas*. Engar skýringar eru á því við hvað sé átt að þessi stofn sé vottaður í bak og fyrir.

b. Hvort tegundin hugsanlega þrífst hér við land er hluti af áhættumati, sjá síðar.

c. Tegundin er víða flokkuð sem ágeng, t.d. vegna þess að tegundir á borð við krækling verða undir í samkeppni við hana.

<https://www.nobanis.org/globalassets/speciesinfo/c/crassostrea-gigas/crassostrea-gigas.pdf>

Tegundin virðist vera ræktuð í Skjálfandaflóa sbr.

<https://skemman.is/handle/1946/25051>

<http://www.ruv.is/frett/48-veiktust-af-ostrum-a-skelfiskmarkadinum>

<http://www.kaffid.is/fyrstu-islensku-ostrurnar-vaentanlegar-markad/>

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/07/07/gefa\\_ekki\\_ostruraekt\\_upp\\_a\\_batinn/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/07/07/gefa_ekki_ostruraekt_upp_a_batinn/)

<http://www.640.is/is/frettir/spennandi-timar-framundan-hja-vikurskel>

Í þeirri ræktun virðist hafa orðið slys en ekki kemur fram hvort ostrur sluppu út í náttúruna. Í þeirri umsókn sem hér er til umfjöllunar eða gögnum frá Matvælastofnun er ekki að finna beinar upplýsingar um hvort búið er að gefa leyfi fyrir því að rækta þessa ostrutegund hér við land við aðstæður þar sem tegundin getur dreifst út í íslenska náttúru eða ekki. Í meðfylgjandi svari er hins vegar gefið í skyn að sérfræðinganefnd, skv. lögum um náttúruvernd eigi eftir að fjalla um tegundina. Það er hins vegar mjög misvísandi svar enda er búið að fjalla bæði um frjóar og þrílitna ostrur af tegundinni *Crassostrea. gigas* bæði af sérfræðinganefnd skv. lögum um náttúruvernd og Umhverfisstofnun, sjá meðfylgjandi upplýsingar. Það er því einkennilegt að verið sé að taka þetta erindi fyrir núna ef sérfræðinganefndin og Umhverfisstofnun hafa hafnað innflutningi á þessari ostrutegund nema að hvað gefið hefur verið leyfi til tilrauna til þriggja ára með ræktun þrílitna ostra. Ekki fylgja neinar upplýsingar um þá tilraun.

d og e. Náttúrufræðistofnun telur að komi til þess að leyfi sé veitt til að rækta þessa tegund af ostrum á Íslandi t.d. þrílitna ostrur (sem vitað er að eru ekki allar ófrjóar) þá eigi að gera það í lokuðum kerfum þar sem engin hættu sé á að ostrur eða sjúkdómar sem þeim tengjast geti borist út í náttúru Íslands, allra síst Breiðafjörð eitt mikilvægasta lífríkissvæði Íslands.

Eins og áður hefur komið fram er það mikill kostur að ekki er fyrirhugað að hafa eldið í sjó heldur á landi sem minnkar til muna líkur á slysasleppingum. Engu að síður er möguleiki að sýktar ostrur geti smitað gegnum affallsvatn sem áhrif gæti haft á aðrar samlokur, bæði villtar og ræktaðar á svæðinu. Miðað við meðfylgjandi svar um frárennismál er ljóst að vírusar munu geta átt greiða leið í gegnum affall.

Í Breiðafirði er staðar eldi og veiðar á skelfisk, kræklingur er alinn á nokkrum stöðum og hörpudiskur veiddur. Herpesveiran OsHV 1 µVar finnst nú í skelfisk við S-Noreg og hefur breiðst út meðfram ströndum

Evrópu, útbreiðsla hennar er nátengd ostruræktun og getur borist úr ræktun í villtan skelfisk. Reynslan sýnir að ekki hefur gengið nógu vel að hamla útbreiðslu vírusins, þrátt fyrir skimanir, með slæmum afleiðingum fyrir skelfiskeldi og afföll hafa orðið á Kyrrahafsostrum á Marennes-Oleron svæðinu vegna hans.

Helstu rökin fyrir því að íslenskum skelfisk stafi ekki hættu af vírusinum eru að rannsóknir hafa sýnt fram á að hann virðist ekki ná útbreiðslu fyrr en sjávarhiti nær 16°C eða meira. Í áhættumati þyrfti t.d. að sýna fram á með óyggjandi hætti að sjávarhiti fari aldrei yfir 16°C við Búðardal og þ.a.l. geti veirusýking ekki breiðst út. Það að sjálfsögðu að því tilskyldu að veiran breytist ekki. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að fyrir liggja nákvæm sjávarhitagögn við Búðardal og því er ekki hægt að segja með fullri vissu að hitastig fari þar aldrei yfir 16°C þrátt fyrir að hitastigsgögn annarsstaðar úr Breiðafirðinum bendi til þess. Í þessu sambandi má einnig líta til loftslagsbreytinga undanfarinna ára.

Náttúrufræðistofnun telur að áfram eigi að hafna innflutningi á framangreindri ostrutegund, *Crassostrea gigas*, eða stofni af henni og vísar stofnunin m.a. í meðfylgjandi gögn um afstöðu sérfræðinganevndarinnar og Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur mjög óeðlilegt að þar sem búið er að fjalla um þessa tegund af bæði sérfræðinganevndinni og Umhverfisstofnun skv. lögum um náttúruvernd að þetta mál sé tekið fyrir en því ekki hafnað strax á þeim forsendum sem koma m.a. fram í meðfylgjandi ákvörðun Umhverfisstofnunar. Einnig er það með öllu óásættanlegt að mál sem þetta sé tekið til meðferðar eins ófullburða og það er í alla staði t.d. hvað varðar upplýsingagjöf um fyrri mál af sama toga og varða sömu tegund.



Leyfi til innflutnings á þrílitna ostrum.pdf Synun um leyfi fyrir innflutning á þrílitna ostrum.pdf umsögn ostrur.docx

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Guðmundur Valur Stefánsson <valur.stefansson@mast.is>  
Dags: 21.11.2018 08:49:49  
Til: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>  
cc: Dóra S. Gunnarsdóttir <dora.gunnarsdottir@mast.is>, Erna Karen Óskarsdóttir <erna.oskarsdottir@mast.is>  
Efni: RE: Ósk um umsögn vegna umsóknar Sæfrosts ehf um ræktunarleyfi til Ostruræktar á landi.

---

Sæll Trausti

Matvælastofnun hefur borist svör frá Sæfrosti ehf við athugasemdum Náttúrufræðistofnunar á umsókn þeirra um ræktun á Ostrum á landi. Sjá hér undir innan gæsalappa:

„Sæll Guðmundur Valur

Hér eru svör við athugasemdum Náttúrufræðistofnunar

kv.Breki

-----  
Tilvísun í mál: 2018110010

a) Tegundarheiti (latínu heiti) vantar og því ekki ljóst um hvaða tegund/afbrigði er fyrirhugað að flytja inn frá Frakklandi og Írlandi.

**Þessar Ostrur bera latínuheitið Crassostrea Gigas og eru svokallaðar kyrrahafsostrur.**

**Ætthvísl Frönsku ostrana bera hinsvegar heitið Marennes Oleron og eru vottaðar í bak og fyrir.**

b) Lifsfærill er ekki tilgreindur og því kemur ekki fram hvort um frjóar ostrur sé að ræða eða ekki.

**Þessar ostrur eru vissulega frjóar en það þarf að lágmarki 20gráðu hita til að ostrurnar hrygni.**

c) Ekki er gert áhættumat skv. 63. gr. náttúruverndarlaga.

**Varðandi áhættumat skv. 63 gr. Kyrrahafsostrur geta ekki fjölgað sér við Ísland og eru því áhrif þeirra á lífríki og líffræðilegan fjölbreytileika sáralitlar. Væntanlega mun sérfræðinefnd umhverfisráðherra hafa lokaorð um það skv. 63 grein.**

d) Ekki er farið yfir forvarnaraðgerðir (einungis minnst stuttlega á síur)

**Varðandi forvarnaraðgerðir og slysasleppingar verður notast við HACCP (Hazard Analysis Critical Control Point) kerfið til að greina áhættuþætti og leiðbeina um fyrirbyggjandi öryggisþætti Þetta mun vera unnið í samráði við MAST .**

**Sérstakar vatnssíur/sjósíur verða við affall á hverju kerfi. 1,1/2" Riðfríar síur með stálneti og möskvum 2mm. Affallsrör úr öllum kerjum sameinast síðan í eina lögn þar sem að ein stór sía, flangssía 4" mun vera við endan áður er affall fer út úr húsi**

e) Breiðafjörður nýtur verndar, ekki síst vegna lífríkis, samkvæmt lögum nr. 54/1995.

**Yfirborðshiti sjávar við Breiðafjörð hefur hæst farið í tæpar 14 gráður að sumarlagi og er því engin hætt á að tiltekna kyrrahafsostrur hrygni hér við land um þessar mundir. Því mun lífríki Breiðafjarðar ekki hljóta skaða af þessu landeldi.**

Breki Bjarnason.

Sæfrost ehf.

Ef þið hafið frekari athugasemdir eða ábendingar, gefst tækifæri til þess til og með 28. Nóvember n.k.

Með kveðju, / Best regards,

**Guðmundur Valur Stefánsson**

Fagsviðsstjóri / Senior Officer  
Neytendavernd / Consumer protection



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority

Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 – Fax : (+354) 530 4801 – [www.mast.is](http://www.mast.is)

**From:** Trausti Baldursson <trausti@ni.is>

**Sent:** þriðjudagur, 6. nóvember 2018 10:05

**To:** Guðmundur Valur Stefánsson <valur.stefansson@mast.is>

**Subject:** Re: Ósk um umsögn vegna umsóknar Sæfrosts ehf um ræktunarleyfi til Ostruræktar á landi.

Tilvísun í mál: 2018110010

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Sæfrost ehf um ræktunarleyfi fyrir ostrur í Búðardal. Ræktunin er fyrirhuguð í kerjum á landi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og telur að áður en stofnunin getur gefið endanlega umsögn þá vanti eftirfarandi upplýsingar í umsóknina:

- a) Tegundarheiti (latínu heiti) vantar og því ekki ljóst um hvaða tegund/afbrigði er fyrirhugað að flytja inn frá Frakklandi og Írlandi.
- b) Lífsferill er ekki tilgreindur og því kemur ekki fram hvort um frjóar ostrur sé að ræða eða ekki.
- c) Ekki er gert áhættumat skv. 63. gr. náttúruverndarlaga.
- d) Ekki er farið yfir forvarnaraðgerðir (einungis minnst stuttlega á síur)
  1. Ekki er fjallað um slysasleppingar.
  2. Ekki er fjallað um sjúkdóma sem geta fylgt ostrum (t.d. vírusa eða bakteríur) og þá hugsanlega smithættu.
- e) Breiðafjörður nýtur verndar, ekki síst vegna lífríkis, samkvæmt lögum nr. 54/1995.
  - a. Í verndaráætlun Breiðafjarðar er tekið fram að: Mikilvægt er að koma í veg fyrir að ágengar framandi tegundir séu fluttar, viljandi eða óviljandi, inn á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Vissulega er kostur að fyrirhugað er að vera með framangreinda ræktun á landi í kerjum. Engu að síður er það mat Náttúrufræðistofnunar að framangreindar upplýsingar vanti og að þörf sé á áhættugreiningu. Gera þarf vel grein fyrir hvernig verður komið í veg fyrir slysasleppingar og að framandi lífverur sleppi út í Breiðafjörð þ.e. hvernig síur er fyrirhugað að nota, má ætla að kerfið/frárennsli sé að einhverju leiti lokað o.s.frv. Í áhættugreiningu er einnig mikilvægt meta hvaða lífríki í Breiðafirði getur orðið fyrir áhrifum. Til upplýsingar er hér m.a. bent á að vistgerðir í Breiðafirði hafa verið kortlagðar en við Búðardal eru m.a. klóþangsfjörur og klóþangsklungur sem eru flokkaðar sem forgangsvistgerðir sem báðar hafa mjög hátt verndargildi (sjá t.d. [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) <http://ni.is/grodur/vistgerdir/fjara> )

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



From: Guðmundur Valur Stefánsson <[valur.stefansson@mast.is](mailto:valur.stefansson@mast.is)>  
Date: 11/04/2018 09:38:47 AM  
To: "[ni@ni.is](mailto:ni@ni.is)" <[ni@ni.is](mailto:ni@ni.is)>  
Subject: Ósk um umsögn vegna umsóknar Sæfrosts ehf um ræktunarleyfi til Ostruræktar á landi.

-----

Góðan dag.

Matvælastofnun hefur borist umsókn um ræktunarleyfi frá Sæfrosti ehf, kt. 700113-0270, Ægisbraut 17, 370 Búðardal, um fyrirhugaða ostrurækt á 200.000 ostrum á ári.

Samkvæmt 9. grein laga um skeldýrarækt nr 90 frá 23. júní 2011 skal Matvælastofnun afla umsagna varðandi umsóknir um ræktunarleyfi til skeldýraræktar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðarfræðiahrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Í viðhengi er stutt lýsing á áformum fyrirtækisins ásamt afriti af umsókninni og upprætti af athafnarsvæðinu.

Óskað er eftir umsögn stofnunarinnar.

Með kveðju, / Best regards,

**Guðmundur Valur Stefánsson**

Fagsviðsstjóri / Senior Officer  
Neytendavernd / Consumer protection

---



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority

Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 – Fax : (+354) 530 4801 – [www.mast.is](http://www.mast.is)